

Ofbeldisjöfnun

Birt í *Lesbók Morgunblaðsins* 30. júní 2007

Ólafur Páll Jónsson

Ég fór á fótboltaleik um daginn. Veðrið var gott og það lá í loftinu að mitt lið myndi loks ná að sýna hvað í því býr. En það fór á annan veg. Leikurinn var daufur og að honum loknum gengu mínir menn sneyptir af velli, en andstæðingarnir að sama skapi kátir. Ég var vonsvikinn en veðrið var gott, kvöldið eins og það gerist fegurst í Vesturbænum og því gufuðu þyngslin brátt upp. Ég settist á bekk og naut blíðunnar og fylgdist með fólkinu tínast af vellinum.

„Er þér sama þótt ég setjist?“ sagði ungur maður um leið og hann settist á bekkinn við hliðina á mér. Ég hafði tekið eftir honum þar sem hann hvatti vesturbæjarliðið. Hann skar sig úr hópnum í pressuðum buxum og þævdri lopapeysu.

„Fínt veður,“ sagði hann og leit í kringum sig eins og til að fullvissa sig um að hvergi væru hnökrar á blíðunni.

„Já, ekki er því að neita,“ svaraði ég en nennti varla að taka upp kurteisissamræður. Allt í einu kvað við brothljóð skammt frá. Nokkrir menn í treyjum vesturbæjarliðsins fengu útrás fyrir gremju vegna tapsins með því að mölva tóma bjórflösku á gangstéttinni.

„Þetta var nú óþarfi,“ sagði ég með vanþóknun.

„Óþarfi, en svona er þetta bara,“ svaraði hann, „þetta gerist eftir hvern einasta leik.“

„Já, kannski,“ sagði ég, „en það er samt eitthvað dapurlegt við það að geta ekki horft á liðið sitt tapa án þess að missa stjórn á sér. En það er svosum skárri að brjóta flösku en að ganga í skrokk á næsta manni.“

„Menn munu halda áfram að missa stjórn á sér, hvort sem manni finnst það dapurlegt eða ekki,“ sagði maðurinn og var næstum hátíðlegur í röddinni. „En ef manni tekst að horfa svolítið kalt á þetta, þá eru heilmikil tækifæri hér. Ofbeldi er í raun stórlega vanmetin auðlind. Ég er með alveg nýja hugmynd um þetta,“ sagði þessi ungi maður og nú hafði hátíðleikablarinn vikið fyrir einhvers konar fræðilegri yfirvegum.

„Er nokkuð nýtt við það að ofbeldi sé auðlind,“ maldaði ég í móinn. „Farðu inn í næstu tölvuleikjabúð eða í bíó.“ Ég bætti því svo við að mér virtist að sú uppeldisstefna sem mest væri áberandi í samtímanum væri einmitt uppeldi til ofbeldis.

„Já, þetta er reyndar rétt,“ svaraði maðurinn. „En þarna er gert út á ofbeldishneigðina. Ég er að hugsa um raunverulegt ofbeldi. Mín hugmynd gengur ekki út á að ala á ofbeldi –

hún er eiginlega hlutlaus um ofbeldi. En kjarninn er sá að ofbeldi er staðreynd, og þá er eðlilegt að spyrja sig hvort þarna séu ekki einhver fjárfestingartækifæri.“

Það fór um mig mæðuhrollur. Var þessi fræðilega yfirvegun sem mér fannst ég greina þá ekkert annað en uppskrúfuð sjálfumgleði? Kannski ekki alltaf langt þar á milli. Og myndi þetta fagra kvöld nú spillast af enn einum Íslendingnum sem var með fjárfestingarsjáöldur í stað augna og uppfullur af draumum um skjótfengið ríkidæmi.

„Sjáðu til,“ hélt hann áfram, „maðurinn sem braut flöskuna áðan er ekki endilega slæmur maður. Hann er bara súr eftir leikinn. Á morgun sér hann kannski eftir þessu og finnst svona flöskubrot kjánalegt uppátæki. En hann getur ekki tekið til baka það sem hann gerði. Það er búið og gert. Og kannski er hann á einhverjum bar niðri í bæ einmitt núna að slá framtennurnar úr einhverjum sem ekki vill deila svekkelsinu yfir leiknum með honum. Getum við gert eitthvað? Nei, hnefinn hefur sinn gang. Það er staðreyndin um ofbeldið. En hvernig verður staðan á morgun?“

„Á morgun verður þá einn maður tannlaus og annar að rumska timbraður og aumur í hnúunum í fangaklefa lögreglunnar,“ svaraði ég. „En ég sé nú engin sérstök fjárfestingartækifæri hér og enn síður finnst mér neinn auðlindabragur á þessu.“

„En það er einmitt málið,“ sagði maðurinn og færðist allur í aukana. „Það á eftir að skapa fjárfestingartækifærin í þessu. Hvað ef við gætum heimsótt þennan mann, þar sem hann húkir heima hjá sér á bömmur yfir gærkvöldinu og boðið honum að ofbeldisjafna sig.“

„Ofbeldisjafna sig?“ át ég upp eftir honum. „Hvað áttu við?“

„Jú, sjáðu til. Við bjóðum manninum að kaupa sér bréf í sérstökum ofbeldisjöfnunarsjóði. Peningurinn verður svo notaður til að minnka ofbeldi annars staðar, til dæmis í að kaupa konur og börn úr vændi og þrældómi í þriðja heiminum. Peningurinn verður sumsé notaður til að minnka skipulegt ofbeldi í öðrum löndum. Maðurinn verður kannski áfram svolítið brútal, lókalt séð, en glóballt verður hann ekki ofbeldismaður lengur.“

Ég vissi ekki hvað mér átti að finnast um þetta. Þarna sátum við tveir ókunnir menn í vorblíðunni eins og hún gerist fegurst og ræddum um fjárfestingu í ofbeldi.

„Sjáðu til,“ hélt maðurinn áfram, „það er auk þess betra að ofbeldið eigi sér stað hér á Íslandi heldur en til að mynda í Pakistan. Ef tennurnar eru slegnar úr einhverjum á bar niðri í bæ, þá er hann kominn með nýjar tennur eftir hálfan mánuð. Tannmissir er í raun bara tímabundin óþægindi. Við höfum besta heilbrigðiskerfi í heimi, gleymdu því ekki. Það er allt annað að missa tennurnar á Íslandi eða í Pakistan. Hugmyndin mín gengur

Þess vegna ekki bara út á að fjárfesta í ofbeldi, hún gengur líka út á að gera velferðarkerfið að útflutningsvöru. Ég hef meira að segja búið til nýtt orð.

„Ofbeldiskjör“. Velferðarkerfið hér er svo gott að ofbeldiskjör fólks eru miklu betri á Íslandi en í flestum öðrum löndum.“

„Ég veit ekki hvað skal segja,“ svaraði ég og vissi satt best að segja ekki hvað mér átti að finnast um þetta. Ég var reyndar ekki viss um að ég skildi hvað maðurinn var að fara.

„Þú mátt ekki bara horfa á flöskubrot hér og nokkrar tennur þar,“ sagði hann og horfði ábúðarfullur beint í augu mín. „Þú verður að hugsa hnattrænt, sjá samhengið. Nútíminn er hnattrænn. Og það á sér stað svo mikið skipulegt ofbeldi í heiminum að þetta er nærri óþrjótandi auðlind.“

„Já, en er ofbeldi ekki bara böll,“ maldaði ég í móinn, „er það ekki sú staðreynd sem máli skiptir? Og ættum við þá ekki að reyna að vinna bug á ofbeldinu frekar en að snúa því upp í viðskiptatækifæri?“

„Auðvitað er ofbeldi böll,“ sagði maðurinn og hikaði hvergi. Hann var sýnilega búinn að hugsa þetta allt í þaula. „Við skulum ekki hengja okkur í einhvern heilagleika. Ég spyr: Hver er veruleikinn? Veruleikinn er sá að fullt af fólki lendir í því að beita aðra ofbeldi. Og eftir á finnst flestum þetta ósköp leiðinlegt. Menn eru oft að reyna að stilla sig en hver er svo árangurinn? Ekki sérlega mikill. Eins og ég sagði þá spyr ég bara tveggja spurninga: Hver er veruleikinn? Og eru einhver fjárfestingartækifæri í myndinni? Vandinn við hefðbundið hjálparstarf er að það horfir framhjá mikilvægum fjárfestingarhvata.“

„Hvað meinarðu með því?“ spurði ég. „Er ekki lykilatriði í hjálparstarfi að fólk komi auga á bölið sem fylgir fátækt og ofbeldi. Ég hélt að hvatinn að því að leggja fé í hjálparstarf væri einmitt sá að fólk sæi bölið.“

„Jú, auðvitað. En hefðbundið hjálparstarf gerir ekki ráð fyrir því að þeir sem styrkja svona starfsemi sjá tengslin við eigin lífsstíl. Ofbeldisjöfnunin byggist einmitt á því að þegar þú hefur lent í að beita einhvern ofbeldi, þá getur þú fjárfest í því að ofbeldi sé aflétt einhvers staðar annars staðar. Hefðbundið hjálparstarf er ekki í takt við sálarlíf nútímamannsins, hins hnattræna, frjálsa og fjárfestingarmiðaða einstaklings. Og það sem meira er. Af því að við vorum að tala um þennan iðnað sem byggist á ofbeldi – tölvuleiki og kvikmyndir. Það er náttúrulega ljóst að svona afþreying veldur ofbeldi en samt veður þetta uppi. Ég vildi sjá einhvern taka í taumana. En það þýðir ekki að hengja sig í hvað maður vildi sjá. Veruleikinn er sá að ofbeldishvetjandi efni er selt í stórum stíl. Eins og staðan er geta verslanir ekki gert neitt til að bregðast við þessu en með því að nota mína hugmynd geta þær ofbeldisjafnað leikina og myndirnar – hluti af kaupverðinu færi til

dæmis til Pakistan. Háskólabíó gæti þá auglýst að allar þeirra myndir væru ofbeldisjafnaðar og BT gæti ofbeldisjafnað tölvuleikina sína. Og foreldrar gætu þá valið um það hvort tölvuleikirnir sem þeir keyptu handa börnunum sínum væru ofbeldisjafnaðir eða ekki. Þannig hef ég nú hugsað mér þetta.“

Maðurinn stóð upp og kvaddi með þeim orðum að það væri gaman að spjalla við mig. Nú var rökkrið að síga yfir, allt var orðið kyrrt og glerbrotin á stéttinni það eina sem minnti á dapurlega frammistöðu minna manna á vellinum.

„En hvað á þessi sjóður að heita?“ kallaði ég á eftir honum.

„Barefli – íslenski ofbeldissjóðurinn.“